ÖREIGAR ALLRA LANDA SAMEINIST!

LIFI MARXISMINN-LENÍNISMINN HUGSUN MAÓS TSE TUNGS!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands m-l 23 24 tbl. 5. árg. 1976

Verð 100 kr.

GERIST ÁSKRIFENDUR! að STÉTTABARÁTTUNNI

Samþykktir 3. landsfundar miðstjórnar KFí / ML bls. 2

Alþýðu - leikhúsið - baksíðu

Hyggur Sovét. á frekari landvinninga? bls. 3

Mikilvægur áfangi Stéttabaráttan vikublað 1977

Nú hefur STÉTTABARÁTTAN göngu sína sem vikublað. Það er mikilvægur og merkur áfangi í þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar. Hér eftir getur blaðið gegnt hlutverki sínu, að leiða og skipuleggja baráttu íslensks verkalýðs, betur en fram til þessa. Að sjálfsögðu hefur aukin útgáfutíðni blaðsins í för með sér mikilvægar breytingar, bæði skipulagslega og pólitískt.

Fastara mót blaðsins er nauðsynlegt.

Til þess að gera vikublaðið að raunveruleika, er nauðsynlegt að koma á reglubundinni útgáfu og gefa blaðinu fastara mót, bæði í uppsetningu og vinnslu. Þannig verður a.m.k. fyrst um sinn fastir dálkar í blaðinu sem fjalla um baráttuna á vinnustöðunum og í verkalýðsfélögunum og annar sem flytur stuttar erlendar fréttir. Á 3. síðu verða framvegis greinar sem fjalla um erlend málefni, svo sem kynning á erlendum baráttuhreyfingum, fræðilegar greinar og annað þess háttar.

STÉTTABARÁTTAN mun framvegis koma úr prentun á þriðjudögum og verður blaðið gefið út a.m.k. 48 sinnum á árinu. Má vera að nauðsynlegt reynist að hafa það einstaka sinnum 2ja síðna, vegna erfiðleika sem eru samfara þessu átaki. Og til áskrifenda og lesenda blaðsins beinum við því, að þeir efli stuðning sinn við blaðið að mun bæði með fjárframlögum og reglulegu uppgjöri áskriftargjalda, sem og með því að senda okkur línu um baráttuna á vinnustöðunum og annars staðar.

Pólitísk leiðsögn blaðsins.

Með aukinni útgáfutíðni sinni mun STÉTTABARÁTTAN verða fær um að flytja fréttir og fylgjast betur með atburðum líðandi stundar. Þannig getur blaðið veitt vaxandi baráttu fjöldans öruggari leiðsögn og orðið raunverulegur skipuleggjandi verkalýðshreyfingarinnar. Verkefni blaðsins verða nú ekki aðeins að láta í ljós álit á atburðum sem þegar hafa gerst, heldur að grípa inn í gang málanna, veita leiðsögn í sjálfri baráttunni, meðan hún stendur sem hæst. Til þess að svo megi verða, verður blaðið að öðlast föst tengsl við verkalýðinn, blaðið þarf að eignast fréttaritara á öllum stærri vinnustöðum landsins, í sérhverju verkalýðsfélagi og sérhverri fjöldahreyfingu. Það þarf að verða vettvangur fyrir skoðanir og baráttu fjöldans. Ritnefnd heitir á lesendur og stuðningsfólk blaðsins að efla þátttöku sína í uppbyggingu kommúnísks baráttumálgagns íslenskrar verkalýðsstéttar - STÉTTABARÁTTUNNAR.

ÁSKRIFTARGJÖLD 1977

Ársáskrift	3000 kr.
Hálfsársáskrift	1700 kr.
Ársfjórðungsáskrift	1000 kr.
Baráttuáskrift	5000 kr.

Ársáskrift verður að greiða fyrirfram og þess vegna er kleift að hafa hana ódýrari en aðrar áskriftir. Hálfsársáskrift greiðist skiljanlega á hálfsársfresti og ársfjórðungsáskrift á ársfjórðungsfresti. Þeir sem óska eftir að styrkja uppbygginu blaðsins geta fengið Baráttuáskrift sem einnig greiðist fyrirfram.
Áskrifendur eru áminntir um að gera reglulega skil, því það auðveldar okkur að byggja blaðið upp og koma traustum grundvelli undir útgáfu þess í framtíðinni.

Gráa skýrslan

Hafrannsóknarstofnunin hefur nú látið frá sér fara tölur um "æskilegan" hámarksþorskafla á næsta ári. Þar er lagt til að ekki verði veitt meira en um 275 þús. tonn af þorski en það er svipað magn og íslensk skip veiddu í ár. Það hefði þess vegna mátt ætla að ríkisvaldið þægi þessar upplýsingar með þökkum sér til stuðnings í samningamakkinu við EBE. Auk þess falla þær vel að hagsmunum íslensks útgerðarauðvalds því skv. þeim er ekki um að ræða "innlenda ofveiði" á Íslandsmiðum.

Sjávarútvegsráðherra sem hefur nú mikinn hug á að ganga til samninga við EBE um "gagnkvæmar veiðiheimildir og fiskverndun" brást hinsvegar hinn versti við slíkri þrengingu á samningsumboði sínu. Skv. þessari tölu um hámarksafla eru íslendingar ekki aflögufærir um neinn afla til útlendinga.

Í gagnrýni sinni á fiskifræðingana hefur Matthías m.a. bent á að þessar tölur séu "óvísindalegar" og aldrei þessu vant hefur hann nokkuð til síns máls hvað það varðar. Hingað til hafa það ekki þótt vísindaleg vinnubrögð að láta frá sér fara tölur í jafnmikilvægu máli og hér um ræðir án þess að þeim fylgi greinargerð. En slík greinargerð hefur enn ekki verið birt.


Þessar tölur um þorskafla hafa hlotið meðal margra sjómanna nafngiftina "Gráa skýrslan" því svo mjög draga þær úr þeirri viðvörun sem fiskifræðingar settu fram í fyrra. Samkvæmt Svörtu skýrslunni sem byggði á samdóma áliti flestra fiskifræðinga við N-Atlantshaf var ekki talið ráðlegt að veiða meira en 230 þús. lestir af þorski 1976 og 290 þús. lestir 1977. Í janúar og febrúar s.l. var fyrri talan svo lækkuð niður í 150-180 þús. tonn vegna nýrra gagna og aukinnar ofveiði (kolsvarta skýrslan).

Þar sem niðurstöður Svörtu skýrslunnar hentuðu Matthíasi ekki þá fremur en nú bað hann um álit Hafrannsóknarstofnunar á því hve lengi þorskstofninn yrði að rétta úr sér ef veidd væru 280 þúsund tonn ´76 og aftur ´77. Allt þetta ár hefur svo ráðherrann hampað svari stofnunarinnar en sleppt að minnast á það að eftir sem áður undirstrikuðu fiskifræðingar þá staðreynd að mjög óvarlegt væri að veiða yfir 230 þús. tonn 1976 vegna hættunnar á viðkomubresti og síðan hruni þorskstofnsins.

Nú hefur komið í ljós að þorskaflinn 1976 verður sennilega um 340-350 þús. tn. Skv. niðurstöðum fyrrnefndrar Gráu skýrslu má því bæta upp rúmlega 100 þús. tonna ofveiði í ár með því að minnka kvótann um 15 þús. tonn (úr 290 í 275 þús. tonn) næsta ár. Slík reikningskúnst er vissulega flóknari en svo að venjulegt fólk fái skilið.

Það er því sjálfsögð krafa til fiskifræðinga að þeir rökstyðji spá sína opinberlega og sýni fram á hvaða fiskifræðilegar forsendur hafa breyst svo mjög síðan í fyrra. Að öðrum kosti hljóta að vakna grunsemdir um að beint samband sé á milli þykktar launaumslagsins og stofnstærðarreikninga vísindamannanna.

framhald á baksíðu



Hafrún eini stori baturinn a Bildudal var lengi vel bundinn við bryggju í Reykjavík



Kveðjur til Hua Kuo-feng

Þann 16. október s.l. sendi framkvæmdanefnd miðstjórnar Kommúnistaflokks Íslands/ML kveðjur til Hua Kuo Feng, formanns Kommúnistaflokks Kína. Kveðjurnar til kínverska bróðurflokksins voru sendar af því tilefni, að félagi Hua Kuo-Feng hafði verið skipaður formaður miðstjórnar kínverska flokksins og birtust þær í Peking Review nr. 50.

Hér á eftir fylgir brefið sem sent var:

Félagi Hua Kuo Feng, Formaður Miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína og forsætisráðherra Alþýðulýðveldisins Kína.

Til þín og til Kommúnistaflokks Kína, vinnandi fjölda af öllum þjóðernum í Alþýðulýðveldinu Kína, sendum við heillaóskir okkar vegna útnefningar þinnar sem formanns Miðstjórnar Kommúnistaflokks Kína.

Tvær samþykktir miðstjórnarinnar, sem gefnar voru út þann 7. apríl að tillögu Mao Tse tung formanns, hins mikla leiðtoga og kennara öreigalýðs veraldarinnar og kúgaðrar alþýðu um allan heim, eru geysilega þýðingarmiklar. Við styðjum ákvörðun miðstjórnar KFK að velja félaga Hua Kuo Feng sem formann, að skipuleggja fjöldann til djúptæks náms í ritum Marx, Engels, Leníns, Stalíns og Mao formanns heilshugar. Við styðjum þá ákvörðun miðstjórnarinnar að halda hinum mikla gunnfána ævistarfs Mao formanns á lofti - að byggja upp og styrkja alræði öreiganna og sósíalíska endurreisn.

Mao Tse-tung formaður kenndi að á tímaskeiði alræðis öreiganna væru enn til stéttir og stéttabarátta og að stéttamótsetningarnar yrðu aðeins leystar með stéttabaráttu. Kenningar hans eru ósigranlegar.

Lengi lifi marxisminn-lenínisminn-kenningar Mao formanns.

Lengi lifi hinn hetjulegi Kommúnistaflokkur Kína.

Lengi lifi alþjóðahyggja öreiganna



Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
STÉTTABARÁTTAN kemur út hálfsmánaðarlega.
Póstfang: Pósthólf 1357, Rvík.
Sími: 27810.
Ábyrgðarm: Sigurður I. Andrésson.
Gíró: 27810.

Stéttabaráttan 23-24. tbl.
5. árg. 31/12. 1976.

1976 ÁR MIKILLAR BARÁTTU

Árið 1976 var ár mikillar sóknar byltingaraflanna í gervöllum heiminum. Framvinda sósíalískrar þróunar í Alþýðulýðveldinu Kína hefur gengið gegnum meiri þolraunir en áður, barátta stéttanna verið harðari. Í auðvaldsheiminum hefur atvinnuleysið og kreppan kallað á verkfallsbaráttu milljónanna, jafnhliða framvexti lýðræðisaflanna í löndum sem áður voru fasísk, eins og Portúgal og Spánn. Alls staðar eru átök stéttanna að harðna og línurnar að skýrast. Í þriðja heiminum hafa byltingaröflin vaxið ósleitilega og víðtæk svæði hafa verið frelsuð í mörgum löndum, eins og Ceylon, Burma, Thailandi, Filipseyjar, Brasilía.

Spilling og rotnun auðvaldsskipulagsins færist í aukana, það heyr sitt dauðastríð og afleiðingarnar fyrir verkafólk og vinnandi alþýðu veraldarinnar eru hinar hryllilegustu. Grimmustu fjármálahóparnir heyja miskunnarlausa baráttu sín á milli um yfirráðin yfir mörkuðunum og hráefnalindunum. Milljarðir dala eru greiddir í mútur til ríkisstjórna og ráðamanna í hverju einasta auðvaldslandi, fjármagn er flutt til flestra landa, til að arðræna og þrælka landslýð þar.

Barátta risaveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna vex að sama skapi sem nauðsynin á víðari mörkuðum og hráefnasvæðum verður brýnni fyrir aðkreppta framleiðslu þeirra. Sérstaklega hafa sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir eflt styrjaldarundirbúning sinn og fært út áhrifasvæði sitt á kostnað Bandaríkjanna

En þótt Bandaríkin séu risaveldi á fallandi fæti, er alrangt að vanmeta hernaðarstyrk þeirra og árásargirni. Eðli þeirra sem stærsta, áhrifamesta og enn sterkasta auðvaldsríki veraldarinnar, gerir þau að hættulegum fjandmanni alþýðu alls heimsins. Baráttuna gegn þeim verður að herða, jafnhliða því sem ekki má loka augunum fyrir vaxandi hættu frá Kreml

Það er þetta spennuþrungna ástand alþjóðamála sem hafa verður í huga, þegar innanlandsmál eru vegin og metin hérlendis. Ísland er hluti auðvaldsheimsins og sem slíkt hlýtur það að kalla yfir okkur afleiðingar efnahags- og stjórnmálakreppunnar sem er að grafa um sig í auðvaldskerfinu. Framundan eru tímar harðrar baráttu gegn meinsemdum auðvaldsþjóðfélagsins, atvinnuleysinu og kreppunni.

Meðal verkafólks hefur krafan sem KFÍ/ML dregur saman í vígorðinu "Lífvænleg og vísitölutryggð laun fyrir 40 stunda vinnuviku", öðlast aukinn stuðning og ráðstefnur um láglaunamál, ráðstefnur verkalýðs félaga og samtaka hafa lýst yfir stuðningi sínum við þessa kröfu. Hún er ekki aðeins brýnasta hagsmunamál verkalýðsins í dag, heldur einnig pólitísk krafa sem varðar skipulagningu og stéttvísi verkalýðsins. Vinnuokið og yfirvinnuþrælkunin hindrar skipulagningu stéttarinnar, tvístrar afli hennar og sundrar verkafólkinu með samkeppninni um yfirvinnu. Verkefni okkar á komandi ári verður í æ ríkari mæli að sameina verkalýð og vinnandi alþýðu Íslands til baráttu gegn vinnuálaginu og fyrir réttinum til að vinna. Kommúnistarnir verða að safna verkafólki undir fána sína og fylkja því til baráttu gegn óréttlæti og meinsemdum auðvaldsþjóðfélagsins. Vígorð okkar verða að ná til fjöldans og verða að efnislegu afli í baráttu hans.

Í andheimsvaldasinnuðu baráttunni verður að herða róðurinn gegn veru Íslands í NATO og veru bandaríska herliðsins hér. En samhliða verður að beita sér fyrir því að verkafólk opni augu sín fyrir styrjaldarhættunni og auknum umsvifum sovéska risaveldisins hér við land. Barátta hernámsandstæðinga verður að taka mið af raunveruleikanum og byggja á ástandinu eins og það er. Þess vegna verða kommúnistarnir að herða baráttuna gegn endurskoðunarstefnunni innan samtaka hernámsandstæðinga, en þeir reyna að fela árásareðli sovésku heimsvaldastefnunnar og svipta íslenska alþýðu möguleikanum á að vera undirbúin nýjum styrjaldarátökum.

Árið 1977 verður ár mikilla stéttaátaka, ár framsóknar byltingaraflanna hvarvetna og íslenskir kommúnistar verða að fylkja liði í forystu verkalýðs og vinnandi alþýðu landsins, við hlið alls hins vinnandi fjölda veraldarinnar.

Samþykktir 3. landsfundar miðstjórnar KFÍ/ML

Samþykkt um 1. landsráðstefnu KFÍ/ML

III. landsfundur MS KFÍ/ML ákveður að 1. landsráðstefna flokksins verði kvödd saman á páskum 1977.

Verkefni 1. landsráðstefnunnar eru:

1. Að treysta og móta skýrar starfslínu flokksins á grundvelli stefnuskrárinnar sem samþykkt var á I. þinginu.
2. Að draga saman umræðurnar innan flokksins um banda menn iðnverkalýðsins og leysa úr þeim viðfangsefnum sem stofnþingið skildi eftir opin til umræðu.
3. Að draga saman umræðurnar um sameiningu íslenskra marxista-lenínista í einn flokk.

Tillögur að ályktunum og aðrar tillögur til ráðstefnunnar skulu hafa borist Framkvæmdanefnd miðstjórnar í síðasta lagi 1.mars. Nánari ákvarðanir um störf og skipulagningu ráðstefnunnar felur Landsfundur Framkvæmdanefnd að annast í samræmi við reglugerð flokksins.

Samþykkt um afstöðuna til EIK (m-l) og sameiningarmálsins.

1. Eining og styrking Kommúnistaflokks Íslands m-l er forsendan fyrir sameiningu marxískrar-lenínískrar hreyfingar á Íslandi.
2. Miðstjórn KFÍ/ML grundvallar afstöðu sína til EIK(m-l) og sameiningar við þau samtök fyllilega á niðurstöðum 1. þingsins um þessi mál. Miðstjórnin telur að klofningur íslenskra marxista-lenínista í tvenn meginsamtök sé skaðleg fyrir íslenska verkalýðshreyfingu og taki mikinn kraft frá byltingarbaráttunni.
3. Skilyrðin fyrir því, að umræður um sameiningu við EIK (m-l) eða aðra skipulagða hópa eða samtök sem byggja á marxískum lenínískum grundvelli, geti átt sér stað, eru þessi: Skilyrðislaus viðurkenning á því, að KFÍ/ML sé marxískur-lenínískur flokkur.

Að slíkar umræður verði aðeins skipulagðar samkvæmt starfsáætlun er feli í sér sameiningu.

Miðstjórn telur allar umræður um sameiningu, sem ekki miði markvisst að og hafi sem yfirlýst markmið að sameinast, vera lítt til þess fallnar að auka möguleikana á sameiningu.

Samþykkt um hvernig unnið verði að sameiningu marxista-lenínista

III. landsfundur MS KFÍ/ML telur rétt að boða skuli til almennrar og opinnar ráðstefnu allra íslenskra marxista-lenínista næstkomandi sumar.

Ráðstefna þessi skal taka til umfjöllunar mikilvægi slíkrar sameiningar, á grundvelli einingar og jafnréttis.

Hún skal ræða raunhæfa möguleika á að yfirvinna samtakaeigingirni og tregðu sem ríkjandi er í afstöðu til sameiningar.

Hún gæti t.d. kosið undirbúningsnefnd, sem skipulegði umræður og starf fyrir þing hins sameinaða marxíska-leníníska kommúnistaflokks.

III. landsfundur MS KFÍ/ML leggur áherslu á, að sameining marxista-lenínista á Íslandi verði að spretta fram úr meðvitund og einingarvilja almennra marxista-lenínista.

Í þessum tilgangi felur III. landsfundur MS KFÍ/ML Framkvæmdanefnd miðstjórnar að leggja mun meiri áherslu á sameiningarvilja flokksins, með því að hefja viðræður við marxista-lenínista utan hans um samstarf í ýmsum baráttumálum á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar EIK(m-l) og KSML frá apríl 1976.

Ályktun um skipulag umræðnanna í flokknum.

1. Eining ríkir um skilgreiningu stefnuskrár KFÍ/ML "Höfuðmóthverfan í íslenska auðvaldsþjóðfélaginu er á milli öreigastéttar og borgarastéttar. Iðnverkalýðurinn er sá hluti hins vinnandi og arðrænda fjölda, sem einn er fær um að leiða baráttuna gegn borgarastéttinni til fullra lykta."
2. Eining ríkir um að niðurstöður umræðnanna breyti ekki afstöðu KFÍ/ML til forystuhlutverks iðnaðaröreiganna og bandamanna þeirra. KFÍ/ML álítur verslunar- og skrifstofufólk vera nána bandamenn iðnaðarverkalýðsins í baráttunni fyrir sósíalísku byltingunni á Íslandi.
3. Ágreiningur innan flokksins um stéttgreininguna snýst í meginatriðum um, hvernig beri að skýra afstöðu verslunar og skrifstofufólks, auk almenns starfsfólks í þjónustugreinum, til sósíalísku byltingarinnar. Hvort þessir hópar hafi í meginatriðum sömu afstöðu og smá framleiðendur eða í meginatriðum sömu afstöðu og iðnverkalýðurinn.
4. Á grundvelli þessarar einingar verða allar umræður innan flokksins skipulagðar með aðferð gagnrýni og sjálfsgagnrýni, svo takast megi að skapa dýpri skilning og þekkingu félaganna á hinum ýmsu hópum hins vinnandi og arðrænda fjölda. Fræðikenningin er leiðsögn til byltingarsinnaðs starfs og þessar umræður miðast við að styrkja enn betur starf flokksins og gera hann enn hæfari til að gegna hlutverki sínu sem marxískt-lenínískt forystu afl íslenskrar verkalýðsstéttar.

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VID KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357 Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans:
Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu stjórnunnar. Lindarg. 15

Akureyri: Nanna Rögnvaldsd. Byggðavegi 88.
Suðurnes: Jónas H Jónsson Holtsgötu 26. Njarðvík, sími 2641
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.
Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.

Gerist áskrifendur að STÉTTABARÁTTUNNI



ÚR BARÁTTUNNI

30 verkakonur reknar

Fyrir nokkru var sagt frá því í Stéttabaráttunni að tólf konur á saumastofu Hagkaups í Reykjavík hefði verið sagt upp. En það er ekki aðeins þessum tólf sem Pálmi í Hagkaup kastar út á götuna. Um áramótin fengu 30 konur á saumastofu Hagkaups á Selfossi uppsagnarbréf um leið og útibúi fyrirtækisins var lokað.

Þetta skapar mjög alvarlegt ástand fyrir konurnar þar sem þær eru flestar komnar á miðjan aldur og eiga því erfitt með að fá aðra vinnu jafnframt því sem þrengst hefur mjög um atvinnu á staðnum undanfarið. Margir eru fyrir á atvinnuleysisskrá.

Orsökin fyrir þessum uppsögnum er sögð samdráttur í fataframleiðslunni. Hagkaup fær ekki lengur hámarksgróða út úr vinnu kvennanna og þessvegna er þeim sagt upp.

Atburður eins og þessi kenna okkur að sjá gegnum himinhrópandi hræsni hinnar svokölluðu "Iðnkynningar" þar sem haldið er að fólki frösum eins og þeim að hagsmunir iðnverkalýðsins og fyrirtækjanna fari saman. Þeir fjölmörgu verkamenn sem hafa verið reknir miskunnarlaust úr vinnu undanfarið geta vottað það.

Jafnrétti - eða hvað?

Misrétti milli karla og kvenna er enn til staðar í þjóðfélaginu. Jafnréttislögin þ.e. að þeir sem vinna sömu vinnu skuli hafa jafnt kaup virðast aðallega vera á pappírnum. Tveir verkamenn fóru þann 30.des. niður á skrifstofu verkakvennafélagsins Framsóknar. Þeir skýrðu frá því að í niðursuðuverksmiðjunni ORA ynni nú í jólafríi sínu strákur sömu vinnu og verkakonur þar, en þær þurfa að vinna í ár til að fá sömu laun og hann. Forstöðumaður Framsóknar sagði að yfirborganir væru fullkomlega leyfilegar í öllum tilvikum og við þeim væri ekkert að gera. Verkamennirnir skírskotuðu til jafnréttislaganna og hún sagði þeim að tala við jafnlaunaráð. Er þetta virk barátta fyrir verkamenn? Ef verkalýðsfélagið væri virkt þá hefði það haft samband við jafnlaunaráð og afgreitt síðan málið. Þarnæst sagði hún þeim að viðtalinu væri lokið. Verkamennirnir voru ekki á því að gefast upp og kröfðust þess að hún segði til nafns, því þeir ætluðu sér að skrifa um þessa starfshætti verkalýðsforystunnar sem virðast nú vera allsráðandi í verkalýðsfélögunum.

Forstöðumaður verkakvennafélagsins Framsóknar neitaði að segja til nafns. Þeir sem til þekkja vita þó fullvel hver Þórunn Valdimarsdóttir er. Það er augljóst mál að fólk sem hefur hreiðrað um sig í vel launuðum bittlingastöðum og er í engum tengslum við verkamenn mun aldrei taka upp virka baráttu fyrir verkalýðsstéttina.

Önnur grein

Hyggur Sovét á frekari landvinninga?



Tékkóslóvakía 1968. Tékkneska alþýðan og sérstaklega æskan reis upp til andspyrnu gegn sovéska árásarliðinu. Hér eru tékkneskir unglingar að brenna sovéskan skriðdreka. Fáninn er tékkneski þjóðfáninn.

Sósíalheimsvaldastefnan - uppspretta nýrrar styrjaldar

Þegar nútíma endurskoðunarsinnar og smákratar heyra þessi orð, verða þeir hvumsa og telja þau bera merki um stuðning marxista-lenínista við heimsvaldastefnu Bandaríkjanna En slík afstaða opinberar aðeins vankunnáttu þeirra í marxískum fræðum og opinskáar varnir þeirra fyrir heimsvaldastefnuna. Sérhverjum marxista ætti að vera kunnug sú sögulega staðreynd, að styrjaldir stafa af uppskiptingu heimsins milli heimsvaldaríkjanna. Og sá sem þykist skilja þetta, hlýtur að viðurkenna, að valdamesta ríkið meðal heimsveldanna, það ríkið sem ræður mestu af heiminum og drottnar yfir stærstu áhrifasvæðunum, verður aldrei upphafsmaðurinn að nýjum uppskiptum. Það reynir aðeins að viðhalda yfirburðum sínum og auka þau á kostnað annarra heimsvaldaríkja. Og slíkt tekst því æði oft, einmitt vegna yfirburða sinna. Bandaríkin höfðu t. a. m. ekki neinn áhuga á nýrri uppskiptastyrjöld að lokinni síðari heimsstyrjöldinni. Þau ráðskuðust sjálf með framtíð og þróun helstu óvina sinna í röðum heimsvaldasinna, Þýskaland og Japan. Þau höfðu sömuleiðis víðtæk yfirráð yfir athöfnum og afstöðu helstu bandalagsríkja sinna, Englands, Frakklands og annara Evrópuríkja. Ekkert hefði verið fjær þeim en að egna þessi ríki til nýrra átaka um svæði sem þau réðu sjálf yfir. Hins vegar reyndu Bandaríkin að sameina þessi ríki undir forystu sinni, til þess að halda "í horfinu", koma í veg fyrir að Kína yrði sjálfstætt og sósíalískt, endur heimta Kóreu og A-Evrópu. Sumt tókst þeim, annað runnu þau á rassinn með. Þeim tókst ekki að brjóta kínversku byltinguna á bak aftur og Kóreu-ævintýrið misheppnaðistgjörsamlega. Hins vegar tókst þeim að vinna Júgóslavíu á sitt band og hindra byltingarþróunina í Indókínversku ríkjunum í nokkra áratugi. Þannig var "pax americana" tímabil óskorðra áhrifa bandarísku heimsvaldastefnunnar í auðvaldsheiminum og hættan á ófriði stafaði einkum af löngun til þess að leggja sósíalísku ríkin í Evrópu og Kína að velli. En það sem hindraði þessar ráðagerðir var reynsla bandarísku auðherranna af tilraunum Entente bandalagsins til þess að brjóta sovésku byltinguna á bak aftur í lok fyrri heimsstyrjaldar. Samúðin og stuðningurinn við Sovétríkin var geysivíðtæk í lok síðari heimsstyrjaldar og Bandaríkin hefðu aðeins uppskorið byltingu í fleiri Evrópulöndum og jafnvel heima fyrir ef þau hefðu lagt til atlögu við Sovétríkin. Því meðan Sovétríkin voru sósíalísk á tímum Leníns og Stalíns áttu þau stuðning og samúð verkalýðs heimsins. Nú eru þau fyrirlitin og hötuð af verkalýð heimsins og alþýðu þriðja heimsins, vegna kúgunar-og stríðsaðgerða sinna. Af þessum sökum, eru Bandaríkin ekki uppspretta nýrrar styrjaldar, þvert á móti eru þau á undanhaldi, fyrir framsókn ríkja þriðja heimsins, eins og dagblind ugla undan hópi smáfugla.
En heimsvaldastefnan er óhjákvæmileg orsök heimsstyrjalda og þær munu ekki allar fyrr en dagar heimsvaldastefnunnar eru endanlega taldir. Uppsprettunnar fyrir nýju uppskiptastríði ber aðeins að leita annars staðar en hjá þeim sem þegar ráða heimsbyggðinni að verulegu leyti.
Á sama hátt og Bretland og Frakkland urðu ekki fyrst til styrjaldar, heldur einmitt Þýskaland sem engar nýlendur og fá og lítil áhrifasvæði átti, á sama hátt verða það ekki Bandaríkin sem hefja styrjöldina nú, heldur Sovétríkin, sem ráða yfir einni mestu framleiðsluvél nútímans, Sovétríkin sem hafa á að skipa fjölmennast og öflugasta her nútímans, Sovétríkin sem búa við þróaðasta þjóðfélagsgerð kapítalismans - einokunarkapítalisma - þarna er að finna uppstrettu nýrrar heimsstyrjaldar.

Stjórnlist nýju Saranna

Sovésku stríðsherrarnir haga sér að vísu eins og heimskur þurs, sem slær blint til allra átta, en þrátt fyrir þennan kurfshátt sinn er þeim ljós stjórnlistarleg áætlun til þess að hrinda markmiðum sínum í framkvæmd. Þeir gera sér fyllilega ljóst, að enginn getur ráðið heiminum nema hann hafi á hendi yfirráð þeirra svæða sem eru auðugust, menntuðust og lengst komin á braut iðnaðar og tækni. Þetta svæði er Evrópa. Jafnvel Bandaríkin standast Evrópu ekki snúning í þessu tilliti og þeim sjálfum er glögglega ljós sú lykilþýðing sem Evrópa hefur í komandi styrjöld. Þess vegna er bandarísku stríðshaukunum ekki brugðið þótt SEATO og CENTO hernaðarbandalög þeirra í Asíu leggi upp laupana. Það sem skiptir máli, eru tökin á Evrópu, þess vegna er NATO styrkt og eflt að sama skapi sem hernaðarbandalög USA liðast sundur í Asíu og öðrum álfum. Sovétríkin eru vel staðsett til þess að gera leiftur árás á Evrópu, en þau skortir fáein skilyrði til þess að slík leifturárás fari ekki út um þúfur strax. Í fyrsta lagi þurfa þau að slá ryki í augu Evrópuþjóðanna og telja þeim trú um að geiri þeirra beinist eitthvert annað. Þetta er velþekkt stjórnlist, sem Hitler notfærði sér í síðari heimsstyrjöldinni. Þegar Evrópa varpaði öndinni léttar yfir því að nazistarnir hefðu farið í austur, inn í Pólland og gegn Bolsévíkunum, var Hitler og herráð hans einungis að slá vopnin úr höndum hennar. Hann kom líka í opna skjöldu og lagði V-Evrópu undir sig á ótrúlega skömmum tíma.

Þess vegna sýna sósíalheimsvaldasinnarnir sig líklega til að ráðast gegn Kína jafnframt því, sem þeir berja sér á brjóst fyrir fullum sölum Evrópskra stjórnmálamanna og tala um "detente" og afvopnun í friðartón. Þeir tala hins vegar minna um það, að vopnabúnaður Sovétríkjanna hefur vaxið í réttu hlutfalli við friðartalið og afvopnunaryfirlýsingarnar á síðustu árum. Í öðru lagi þurfa Sovétmenn á "fimmtu-herdeild" að halda, til þess að koma á fót "sósíalískri" leppstjórn sinni jafnharðan og Rauði herinn hefur "frelsað" löndin undan oki kapítalismans. Þessa leppi sína finna þeir fyrst og fremst í röðum endurskoðunarsinnaðra "kommúnistaflokka" Evrópu og miðflokka eins og Framsóknarflokksins. Þessir nýju "quislingar" eru nú í óða önn að undirbúa valdatöku sína með aðstoð KGB og rauða hersins, þegar fylling tímans verður.
Í þriðja lagi þurfa sovésku sósíalheimsvaldasinnarnir að tryggja, að aðflutningsæðar Evrópu komist í þeirra hendur

Evrópa gengur fyrir olíu og stjórnlistarlegum hráefnum eins og járnmálmi, úraníum o. fl. Án þessara hráefna hnökrar framleiðsluvél hennar og leysist upp. Þess vegna hafa hernaðaríhlutun og völd Sovétríkjanna í Angóla geysilega þýðingu, því norður með ströndum Afríku liggur leið hinna stóru olíuflutningaskipa, sem koma frá Saudi-Arabíu og smáríkjunum á Arabíuskaganum. Sovétríkin hafa því þegar fingur á einni af slagæðum Evrópu. Þess vegna var það líka stórt áfall fyrir hernaðaráætlanir sovésku Saranna, þegar Egyptaland úthýsti hernaðarsérfræðingunum og efnahagsaðstoðinni sem Sovétríkin höfðu veitt því í fjölmörg ár. Yfirráðin yfir Súez skurðinum eru einkar mikilvæg fyrir þá sem ætla sér að skrúfa fyrir aðflutningsæðar Evrópu. En Sovétmenn reyna að bæta sér þetta upp, með því að styðja við bakið á Ghaddafi í Libýu og Assad í Sýrlandi.
Palestínska byltingin er þeim þyrnir í augum, af því að hún lætur ekki skilyrðislaust að stjórn og þjónar ekki heimsvaldasinnuðum hagsmunum Sovétríkjanna í dag. Þess vegna horfa Sovétmenn nú á hægrimenn og sýrlenska leppi sína murrka skæruliðaheri palestínumanna niður í Líbanon, í þeirri von að það muni opna þeim aftur leið að Súez skurðinum. Þess vegna styðja Sovétmenn hemdarverkasveitir Libýumanna sem fara til Egyptalands til að steypa Sadat af stóli og koma ókyrrð á í landinu, ef það mætti verða til að koma "vinveittum" stjórnmálaöflum að völdum í staðinn. Og þess vegna standa Sovétmenn að baki "sósíalískra" hallarbyltinga, endurskoðunarsinnaflokksins í Súdan, til þess að styrkja vígstöðu sína fyrir komandi átök. Í fjórða lagi þurfa Sovétríkin að tryggja her flota sinum greiðan aðgang að heimshöfunum. Kyrrahafsmegin hafa þeir allgóða aðstöðu, en Evrópa er heldur ekki við Kyrrahafið og þess vegna beinist athygli Sovétmenna að þremur púnktum: Miðjarðarhafinu, Eystrasaltinu og N-Atlantshafinu. Ef Sovétríkin ætla sér að taka Evrópu með leifturárás, verða þau að tryggja sér þessar leiðir og koma þannig í veg fyrir aðflutning frá Bandaríkjunum, bæði hvað varðar vopn og vistir. Þess vegna er N-Atlantshafssundið það mikilvægasta. Þess vegna mun ágangur Sovétríkjanna á þessu svæði einmitt aukast fyrst og mest í náinni framtíð.

Segja má, að Sovétríkin séu þess þegar albúin að heyja átökin á Miðjarðarhafi og við Eystrasalt, en enn er langt í land með að yfirráð þeirra á siglingarleiðum á N-Atlantshafi séu tryggð. Þess vegna er þetta fjórða skilyrði mjög mikilvægt.
Sovétríkin vinna ötullega að því í dag að uppfylla öll þessi fjögur skilyrði. Tilgangurinn er aðeins einn, að undirbúa þriðju heimsstyrjöldina, að búa svo um hnútana að Evrópa verði auðveld bráð fyrir milljónaheri sósíalheimsvaldastefnunnar.



DEILT OG DROTTNAÐ

Í heimspressunni er nú mikið látið af innbyrðis átökum svertingja í Asanaíu (S-Afríku). Rætt er með fyrirlitningu um fámenna hópa öfgamanna sem eyðileggja vilja "friðinn og hagsældina" hjá verkafólkinu, kynsystkinum sínum.

Nú um jólin urðu blóðugir bardagar milli svertingja í ýmsum borgum Asaníu. Samkvæmt talningu Vorstervarðhundanna, lögreglunnar, munu a. m. k. 24 hafa látið lífið og yfir 100 manns særst.

Allt þetta er hagkvæmt fyrir Vorsterharðstjórnina - og ódýrt. Gífurlegir þjóðflutningar eiga sér stað á vegum hennar í landinu. Stefnt er vísvitað að því að enginn blökkumaður vinni þar sem heimili hans er. Þannig er alið á sundrungu og óstéttvísi meðal svertingja, því ef þeir verða uppvísir að uppreistaranda eða þess háttar, er auðvelt að láta þá standa uppi allslausa, atvinnulausa og fjarri heimilum sínum og ættmönnum.

Leið lýðræðis, þjóðlegrar sameiningar og sósíalisma er augljóslega sú eina færa fyrir asaníska blökkumenn.

o

ÞINGAÐ Í VÍETNAM

20. þ. m. lauk í Ba Dinh ráðstefnuhöllinni í Hanoi 4. þingi Kommúnistaflokks Víetnams, en á þinginu var það heiti tekið upp í stað Víetnamska verkamannaflokksins. Í skýrslu miðstjórnar flokksins til þingsins lagði fél. Le Duan aðalritari, m. a. fram nýja almenna línu fyrir sósíalísku byltinguna í Víetnam á nýju stigi sínu. Hann lagði áherslu á eflingu alræðis öreiganna, þar sem vinnandi alþýða þroskaði með sér húsbóndarétt sinn yfir þjóðarbúskapnum, og þar sem hinar þrjár miklu byltingar væru leiddar til lykta til framfara sósíalískri iðnvæðingu og ummyndun Víetnams í friðsælt, óháð, sameinað og sósíalískt land. Alþýða Víetnams myndi leggja sinn skerf til baráttu alþýðu heimsins fyrir friði, þjóðlegu sjálfstæði, lýðræði og sósíalisma.

(Hsinhua)

o

ENDURREISNARSTARF

Samkvæmt kambódska útvarpinu taka nú bæði yfirmenn og óbreyttir úr byltingarhernum virkan þátt í landbúnaðinum um land allt. Á þremur ríkisbúum í Phnom Thon, Tjan Pak og Bön Pring hafa þeir lagt margar nýjar vatnslagnir svo hægt er að vökva tugi þúsunda hektara lands meðan á þurrkatímunum stendur. Þannig var hægt að sá í stóran hluta landsins og fá ríkulega rísuppskeru að vorinu. Nú taka hermennirnir fullan þátt í að bæta akuryrkjuna, til að skera betur upp við seinni uppskeru.

Einnig hermir fréttin að hermennirnir hafi í nánu samstarfi við bændur og íbúa hálendisins reist ný hús, sjúkrahús og skóla. Þannig treystist æ betur bandalag byltingarhersins og alþýðunnar.

(Roter Morgen)

Alþýðuleikhúsið kemur aftur

Í fyrra stofnuðu nokkrir leikarar á Akureyri leikhús sem þeir hafa gefið nafnið Alþýðuleikhúsið. Og Alþýðuleikhúsið ber nafn með rentu af tvennum sökum einkum. Í fyrsta lagi hafa leikararnir brotið hefðbundinn stofnanastíl leikhússins og farið í leikferðir um landið. Það er ekkert Alþýðuleikhús til á heimavelli, ekki á neinum sérstökum stað, Alþýðuleikhúsið er þar sem alþýðan er. Þannig fóru félagarnir í Alþýðuleikhúsinu með leikritið Krummagull eftir Böðvar Guðmundsson um afskekkta firði austan og vestan í fyrra og koma nú fyrst til Reykjavíkur og nágrennis. Í öðru lagi er allur flutningur félaga Alþýðuleikhússins líflegri og margbrotnari en sést í öðrum leihúsum. Leikararnir eru ekki að störfum vegna launa sinna, taka ekki til sýningar leikrit, sem einvörðungu eru álitin gróðavænleg, þeir starfa fyrir alþýðuna og leikur þeirra felur í sér boðskap. Að vísu má segja, að leikritið Skollaleikur sem einnig er eftir Böðvar, sé ekki pólitísk umfjöllun um nútíðina, en þó tekur Böðvar fyrir efni, sem fjallkristnum menningarvitum er sjálfsagt hugleiknast að láta falla í gleymsku. Galdraofsóknirnar voru nefnilega annað og meira en friðþæging almættisins, uppfundin af illa meinandi prestum, þær voru þjóðfélagslegt fyrirbrigði sprottnar upp úr harðvítugum átökum stéttanna og því umróti sem var samfara upplausn lénsveldisins. Enn í dag tíðkast galdraofsóknirnar, en nú beinast þær gegn framförunum, gegn þeim sem berjast fyrir framtíð mannkynsins. Krummagull er meira pólitískt eða gengur hreinna til verks, þótt þjóðfélagsástandið og stéttabaráttan sé dregin upp í einfaldri líkingu. En það má segja um Böðvar, að hann hefur ekki bara sýnt sig vera hæfan á sviði söngvagerðar og lagasmíða, heldur hnyttinn og markskeytinn leikritasmið að auki. Afstaða Böðvars til "sænsku veikinnar" í íslenskri leikrita-, skáldsagna- og ljóðagerð, sem birst hefur m.a. í Þjóðviljanum ber vott um að hann spyr sig fyrst að stéttarhagsmununum sem liggja að baki listsköpunar. Sýningar Alþýðuleikhússins hér í Reykjavík sem annars staðar, færa okkur heim sönnun um að nýtt afl er að vaxa fram á sviði leiklistar, afl sem vex og þroskast samhliða eflingu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi.

Leikararnir skila allir hlutverkum sínum með sóma og Arnar Jónsson flytur leik sinn af sérstakri list. Leikstjórn er með afbrigðum og leikbúnaður allur hinn nýstárlegasti. Sérlega eru grímur þær sem leikararnir bera í Skollaleik athyglisverðar. Allur flutningur Alþýðuleikhússins einkennist af fjölbreytni, lifandi túlkun og glöggu auga fyrir meðferð efnisins. Vonandi eigum við eftir að sjá Alþýðuleikhúsið flytja fleiri leikrit innan tíðar.

Þess má geta að lokum, að eftir sýningar í bænum fór Alþýðuleikhúsið til Svíþjóðar, þar sem Krummagull var kvikmyndað fyrir sjónvarp og einhverjar sýningar voru. En nú er von á leikurunum aftur til Reykjavíkur til að halda áfram sýningum sínum.



Mattheus Mattheusson, kaupmaður í Hamborg (Þráin Karlsson) ásamt eiginkonu sinni Kládíu (Kristín Á Ólafsdóttir.).

Gráa skýrslan

framhald af forsíðu

Skipulagsleysið í veiðunum

Nú nýlega seldi "Ísbjörninn hf" tvo loðnubáta til Noregs en í stað þeirra voru keyptir tveir litlir togarar. Hluti Nordglobalhagnaðarins ásamt því fé sem fékkst fyrir bátana Ásgeir RE og Ásberg RE greiddi kostnaðinn við kaupin. Undanfarin tvö ár hafa a.m.k. 11 bátar verið seldir úr landi og fyrir andvirði þeirra flestra eru keyptir togarar. Slík togarakaup valda enn aukinni ofveiði sem aftur kallar á fleiri togara ef sama fiskveiðipólitík verður rekin áfram.

Allt útlit er nú fyrir að bátar af svipaðri stærð og þeir bátar sem voru seldir til Noregs (270-450 tonn) muni verða bundnir við loðnu- og síldveiðar a.m.k. 10 mánuði ársins. Eru slíkir bátar því ein af undirstöðum þess að hægt verði að minnka sóknina í þorskinn en beina sókninni á aðrar fisktegundir.

Í þeim byggðarlögum sem keypt hafa nógu marga togara berst mikill afli á land og þar er þrælað í fiskverkuninni frá 7 að morgni til 10 og 12 á kvöldin svo vikum skiptir.

Aðrir staðir eins og t.d. Bíldudalur hafa byggt hráefnaöflun eingöngu á bátaútgerð. Með tilkomu stóraukinnar togaraútgerðar var grundvellinum kippt undan bátunum og þá um leið atvinnu í þessum plássum. Einasta leiðin út úr vandanum hefur verið að kaupa togara en nú hafa verið stöðvuð lán til þess til minni plássa. Ekki er það gert af umhyggju fyrir þorskinum heldur vegna þess að fjárfestingarsjóðirnir eru þurrausnir vegna gífurlegra fjárfestinga í sjávarútvegi undanfarin ár. Þeir einir geta nú keypt togara sem geta selt góða loðnubáta úr landi í staðinn.

Með hliðsjón af hinu bága atvinnuástandi sem ríkir í ýmsum sjávarplássum úti á landi auk ástands þorskstofnsins hljótum við að krefjast þess að ríkisvaldið láti nú þegar skipuleggja landanir úr togurum á hafnirnar umhverfis landið eins og gert er hjá bátum á loðnuvertíð.

Undanfarið hafa borist fréttir um stórhækkað fiskverð á Bandaríkjamarkaði. Hefur verðið sjaldan eða aldrei verið jafn hagstætt og nú. Á meðan þessar verðhækkanir hafa orðið á fiskafurðum hafa kjör verkafólks í fiskiðnaðinum verið stórlega skert. Stéttabaráttan vill því taka undir orð Óskars Vigfússonar forseta Sjómannasambandsins í Vísi fyrir skömmu, að "nú sé vissulega kominn tími til að slá upp veislu fyrir fólk í fiskiðnaðinum".

Rvk 22/12

Rauða Stjarnan Bókabúð

Rauða stjarnan selur mikið úrval bóka og blaða frá mörgum löndum.
Rauða stjarnan kappkostar að hafa á boðstólum allar fáanlegar íslenskar bækur er fjalla um málefni og baráttu verkalýðsins.
Ennfremur: hljómplötur, veggspjöld, sjálfblekungar, kúlupennar og kínverskt te.
Komið-skoðið-kaupið.
Sendum í póstkröfu um allt land

Rauða Stjarnan Bókabúð
Lindargötu 15 Reykjavík
Pósthólf 1357 R,

Eilíf jól og „alþýðustjórn"

Í Þjóðviljanum 22. desember síðastliðinn voru tvö góð dæmi um blekkingaráróður endurbótasinnaforystu Alþýðubandalagsins. Þessi tvö dæmi lesin saman, eru ótrúlega afhjúpandi á eðli þessarar blekkingar. Það fyrra er úr fastagesti í blaðinu, slúðurdálknum Klippt og skorið, þar sem hinn ungi og "djarfi" blaðamaður Einar Karl, stundar stjórnmálaskrif. Þar er býsnast einhver ósköp yfir hversu ólýðræðisleg og svikul ríkisstjórnin og flokkar hennar eru. Og hvað veldur, látum Þjóðviljann tala:

> ## Aðför að þjóðstjórninni í bönkunum
>
> Lýðræðið er vandmeðfarið og oft erfitt að fóta sig á hálu svelli þess. Vikurnar eftir ASÍ-þing voru stjórnarblöðin sérstaklega Mogginn, uppfull af áhyggjum vegna ofbeldisverka og misþyrmingar á lýðræðisreglum á því. Þó gerðist þar ekki annað við miðstjórnarkjör, sem mest hefur verið deilt á, en að þingmenn Sjálfstæðisflokksins voru feildir þar út, og var það mjög að vonum miðað við afstöðu þingsins til ríkisstjórnarinnar. Heldur var þrengt að íhaldinu, en þó héldu fulltrúar stórra samtaka, sem lúta íhaldsforystu, sínum sætum. Eini stjórnmálaflokkurinn sem varð illa úti voru Samtökin, sem vafamál er hvort telja eigi flokk lengur.
>
> Samkvæmt þeirri kenningu Morgunblaðsins að lýðræðislegur meirihluti eigi að taka tillit til minnihluta hefur Sjálfstæðismönnum á Alþingi nú orðið fótaskortur á svellinu. Þeir hafa látið tilleiðast að taka þátt í svívirðilegri aðför Framsóknarflokksins að þjóðstjórninni, sem viðgengist hefur í bankaráðum helstu banka landsins. Þar hefur ríkt sátt og samlyndi og grundvöllur verið lagður að því kerfi sem Bjarni Guðnason, prófessor nefndi í sínu stutta innhlaupi í pólitíkina, samtryggingarkerfi stjórnmálaflokkanna..

Klippt og skorið, Þjóðviljinn 22. desember, 1976.

Hér er borin saman "lýðræðisást" borgaralegu stjórnmálaflokkanna. Það er munur hvað Abl. er góður flokkur, heldur fast við samtryggingarkerfið þar sem þeir eru áhrifameiri. Hins vegar eru Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn ólýðræðislegir. Annars missti Abl. enga fulltrúa úr bankaráðunum, en Alþýðuflokkurinn missti alla sína, og það hefur að dómi blaðamanns þessa þýðingu:

> Og svo fær Alþýðuflokkurinn frítt spil til þess að gagnrýna samtryggingarkerfið og bankavaldið, og bætist þá við nýtt Kröflutromp, samkvæmt reglunni um að sá sem enga ábyrgð ber getur rifið mestan kjaftinn. Skal Alþýðuflokknum óskað til hamingju með það og megi það verða þeim huggun harmi gegn. —ekh.

Klippt og skorið, Þjóðviljinn 22. desember, 1976.

Sem þýðir að Alþýðuflokkurinn stendur betur að vígi í samkeppninni um atkvæðin, en þau eru Alþýðubandalagsins og annarra borgaralegra flokka, ær og kýr. Síðan sitja þessir "alþýðuvinir" og "sósíalístar" í innstu ráðum og stjórnum fjármálaauðvaldsins og þá um leið einokunarauðvaldsins. Og hlutfall þeirra í þessum þjóðstjórnum ræðst af því, hve marga kjósendur er hægt að blekkja og auðherra að sannfæra, um að þeir stjórni ríkisvaldinu, kúgunartæki borgarastéttarinnar best. En hinir "ólýðræðislegu" flokkar Framsókn og Sjálfstæðisflokkur eru skammaðir fyrir að brjóta leikreglurnar. Á meðan forysta ASÍ úr Alþýðubandalaginu leyfði nokkrum alþýðumönnum úr þessum flokkum að sitja áfram í miðstjórn samtaka sinna, þegar stjórnmálaflokkarnir börðust með kjafti og klóm um miðstjórnarsætin þar. Slík er verkalýðsbaráttan hjá Abl. Aðalatriðið er að blekkja verkalýðinn til að láta vel að stéttasamvinnustefnunni í kjarabaráttunni og til að kjósa Abl. í almennum kosningum, því eins og þeir segja "árangur kjarabaráttunnar verður talinn upp úr kjörkössunum."

Seinna dæmið er um sæluna sem bíður okkar ef Abl. forystan fær að verma ráðherrastólana. Það segir frá því í lítilli jólasögu í forystugrein Þjóðviljans þennan sama dag. Þar segir:

> ..., að fátt kann fremur góðri lukku að stýra fyrir íslenskt verkafólk nú en einmitt það að fylgja nú við fyrsta tækifæri fram með mætti samtaka sinna kröfum Alþýðusambandsþings um stóraukinn kaupmátt launa, og þær pólitísku breytingar á þjóðfélaginu, sem dugað geta til að tryggja, að árangur kjarasamninga verði ekki strax að engu gerður með verðbólguaðgerðum stjórnvalda.
>
> Takist þetta mun alþýða manna á Íslandi lifa glaðari jól á komandi árum, en þeim sem nú fara í hönd ...

úr leiðara Þjóðviljans, 22. desember, 1976.

Þá höfum við það, ef Alþýðusamtökin ganga erinda Abl. og verkafólk kýs það á Alþingi, þá getur alþýða manna sæl og glöð tekið við því sem auðvaldið og bankaráð þess skammta. Þá verða eilíf jól, og "alþýðustjórn" við völd.

KK 23. des. '76